

Í Reykjavík er engin smábáthöfn — og þó: Ein kvað vera á pappír uppi á hillu eða niðri í skúffu hjá réttum yfirvöldum. Þess vegna gerði stormurinn líka talsverðan usla í bátunum, sem lágu á Elliðaárvogi. Suma rak á land en var þó með naumindum komið í veg fyrir að fleiri færðu leiðina. — Tíma-mynd Róbert.

## Víða tjón af völdum ó-veðursins á laugardaginn

GV-Reykjavík — Eins og mönnum er kunnugt gerði mikil óveður á Suður- og Vesturlandi síðastliðinn laugardag. Veðrið náiði viðast hvar hámarki sínu undir kvöldið. A þessu svæði varð sólarhringssúrkoman á bílinu frá 25 mm til 75 mm sem er víða hátt í sömu úrkomu og verður á mánaðartíma. Vindurinn varð mestur úti fyrir suðvesturströndinni eða 8-11 hnútar. Mestur vegaskemmdirurðu á vegum á Vestfjörðum vegna aurskríða sem félundu að vegi eða stífluðu vatnsræsi fyrir ofan þá. Í sportbátlaklúbbnum Snar-fara í Elliðavogi varð milljónatjón á bátum. Í Eyrarsveit á Snaefellsnesi fuku tveir bílar út af veginum. Vélarbilarnir urðu hjá þremi bátum úti fyrir suðvesturströndinni og gekk að ýmsu að koma þeim til hafnar.

### Öll hliðin á hreyfingu

Að sögn Guðmundar Sveinssonar fréttaritara blaðsins á Ísafirði

félundu 38 aurskríður úr Eyrarhlíð, sem nær frá Seljalandi ut í Hnífsdal. Skríður byrjuðu að falla um 7 leytíð og stóð þetta fram yfir miðnætti. Fjórðar stórar skríður félundu á Hnífsdalsvegi og lokaðu þær alveg veginum. Sumar voru einn til einn og hálfur metri á þykkt. Umferð teppist á laugardag og fyrrihluta sunnudags og voru bílar lokabréttar á milli skrida. Við Seljalandsvég runnu tvær skríður niður á veginn og skemmdu hann á köflum. Í Kirkjubólshlíð hinum megin Skutulsfjarðar félundu einnig margar skríður og fóru sumar yfir veginn og í sjó fram.

— Það má segja að öll hlíðin hér fyrir ofan hafi verið á hreyfingu sagði Eiríkur Bjarnason umdæmisverkfr. vegagerðarinnar á Ísafirði, er blm. spurði hann um skrifullinn. Á Engi hér innan við Ísafjörðr skriða beggja megin við húsið. Skriða skalld á hús við Hnífsdalsvegi og er mikill aur á bak við það. Við erum ekki enn

farnir að kanna skemmdir inni í því, en sennilegir er að mikil vatn hafi komið inn í það. Það verður vinna fram eftir vikunni við að lagfæra skemmdir á vegum.

Hjörleifur Ólafsson hjá Vega-gerð ríkisins tjáði okkur að skriður-hefðu fallið bæði í Arnarfirði og á Patreksfirði. Í Trostansfirði lokaðust bílar inni á milli skrida og urðu að dusa þar þangað til vegir voru opnaðir á sunnudag. Vegir á Vestfjörðum eru allir orðnir bílfærir nú, en kostnaðarsamt verður að koma þeim í samtlag. Það verður mikil vinna við að hreinsa vatnsrásir og skurði sem urðu fyrir skrifullum og verður ekki síður kostnaðarsamt að hreinsa vatnsræsin. Mikill sandbylur varð fyrir ofan Búrfell í Arnessýslu og grjótfugl varð viða og skemmdust bílar af þeim sökum.

Framhald á bls. 19.

### Afstaða formanns verkalýðsfélagsins i Þorlákshöfn:

## STÖÐVUNIN GERÐ Á RÖNGUM FORSENDUM

Kás-Reykjavík. — Það er aðsæð, að það er stöðvað hér á fölkum forsendum. Hér er verið að rífa allt út úr vélasalmum í dag, og ekki að sjá að það sé neinn peningaskortur, enda verið að framkvæma stórkostlegar breytingar, sem mér er tjáð að taka eigi allt að þrjár vikur eða jafnvel meir sagði Þórður Ólafsson, formaður verkalýðsfélagsins i Þorlákshöfn, í samtalum við Timann i gærdag, út af lokun hráðfrystiðsins Meitilsins í Þorlákshöfn.

— En það er annað sem við hér í Þorlákshöfn erum undrandi á, en þetta mun vera í fjórða skipti á örfaum árum sum breytingar eru gerðar, en aldrei virðist vera breytt á réttan hátt.

Þórður sagði, að það varu svona 80 til 85 manns sem misst hefðu atvinnu sínna vegna aðgerða frystihússins, og sér þætti verst að samvinnufyrirtækum skuli ganga á undan með ráðstafanir sem þessar. Þetta værilangt fyrir neðan allar hellur, þegar fyrirtækjum væri byggt upp af fjármagni fólkssins.

— Svo erum við anzi óhressir

yfir því, að togarinn skuli láttinn sigla til Færeysja, því að nú i haust verða þessi skip stöðvuð út af veiðitakmörkunum. Það hefði verið hreinlegra, að því er ekki tel, að stoppa bara togarann, heldur en að láta hann fiska fyrir Færeyjumarkað.

— Það get ekki fallið að það sem fram kom hjá Páli Andreassyni framkvæmdastjóra Meitilsins í útvarpinu, að togarinn sé láttinn sigla til að geta borgað mannskapnum og greitt olli og laun. Eftir því sem mér hefur verið tjáð í morgun, þá er Meitillinn skuldlaus við Oliufelagið.

Þórður sagði, að verkalýðsfélagið gæti gripið til ymissa löglegra aðgerða til að mótmæla þessu. Í Þorlákshöfn væri starfandi sildarbræðsla meðan á loðnuvertið stæði, og vel væri hugsanlegt að verkalýðsfélagið legði niður vinnu við hana með nokkura klukkustunda fyrirvara, þannig að vinnu yrði hætt klukkan fimm á daginn sérstaklega ætti þetta við, ef mikil hráefni væri í verksmiðjunni. En að öllum likendum kæmi ekki til aðgerða sem þessara fyrr en

síðar í vikunni, enda væri lítið hráefni til staðar eins og er.

— Þeg segi fyrir minna parta, að ef þeir fella gengið nánum, þá segjum við upp samningunum á stundinni, mér finnst það að alveg sjálfsgagt, þó að maður verði að eins að fylgja AST-forstunni.

En eru Sviarnir og Norðmennir ekki að hjálpa þeim til þess?

Það skyldi þó ekki verða svo að þeir björguðu þessu hjá þeim.

— Mér finnst að fyrirtækin hefðu frekar að að stöðvast þannig að þau gætu ekki borgað út kaup einhvern föstudaginn. Þau hafa borgað út reglulega undanfarið, og á föstudaginn var júlimánudur gerður upp hjá önnum.

Þess vegna finnst mér þetta dálitið eftirtektarvert því ég vil halda því fram að aðallega hafi verið stoppað út af þessum breytingum, sem ég hef minnt á, sagði Þórður að lokum.

Timann reyndi í gær að ná sambandi við Pál Andreasson, framkvæmdastjóra Meitilsins, til að bera þessi ummæli undir hann en árangurslaust.

## Geir og Erna til Sovét-ríkjanna

Forsætisráðherrahjónin, Geir Hallgrímsson og Erna Finnsdóttir, hafa þegið boð sovézku ríkisstjórnarinnar um að koma í opinbera heimsókn til Sovétríkjanna seinni hluta septembermánaðar.

Geir Hallgrímsson



Vængjaflugmenn segja:

## „Stórhættulegt!”

— farið eftir reglugerðum, segir rafmagnsveitustjóri

KEJ-Reykjavík — Jú það er rétt, að Rafmagnsveiturnar eru að leggja raflinu út af enda flugvallarins við Holt í Önundarfirði, sagði Leifur Magnússon varaflygmálastjóri, þegar Timinn hafi samband við hann í gær út af þessu málí og nokkuri óanægju sem gætt hefur hjá heimamönnum út af því.

Leifur sagði að linan skapaði ekki hættu miðað við stærð flugvallarins nú, hins vegar hefðu verið uppi áætanir um stækkan hans og pyrfti þá að gera einhverjar ráðstafanir, oneitanlega kostnaðarsamar, vegna raflinunnar. Þá sagði Leifur að Rafmagnsveiturnar hefðu verið komnar svo langt áleidis þegar flugmálastjórn komst í málid, að þeim hafi ekki þótt fært að snúa við.

Omar Ólafsson, flugmaður hjá Vængjum, tjáði blaðini í gær að þeim Vængjaflugmönnum, sem

einna mest notuðu flugvöllinn, væri meinilla við þessar 130 þús. volta raflinur við enda flugbrautarinnar. Taldi hann þær vera í 5 til 6 hundruð metra fjarlægð frá enda flugbrautar og í 15 m hæð. Sagði Omar, að þó að farið væri eftir reglum við laginu línnunar, væri þar með engan veginn tryggt 100% öryggi við óhagstæðar flugðastður, eins og oft eru þarna í þróngum fjörðum fyrir vestan. Sviptivindur og niðurstreymi væri algengt og það yrði ekkert gaman að lenda í sliku með rafmagnslinurnar rétt við nefið að sér.

Þá lýsti Omar yfir furðu sinni að því að Rafmagnsveiturnar skyldu ekki hafa samband við þá flugmenn sem þarna þekktu best til eða a.m.k. leita álitis öryggiseftirlits Félags Islenzka atvinnuflugmanna. Sér virtist sem Rafmagnsveiturnar gerðu þetta upp Framhald á bls. 23

## Færeyingur á Kjarvalsstöðum


Kás-Reykjavík — Laugardaginn 27. ágúst opnaði færeyski listmálarinn Eyvindur Mohr sýningu á Kjarvalsstöðum á 19 verka sinna.

Aðalsteinn Ingólfsson segir um Eyvind i sýningarskrá:

„Kynni min af Færeymum og færeyskri list eru ekki langvinn, en þó finn ég í málverkum Eyvindar Mohr tilfinningalegan sannleika um heimahaga hans, sem samsvarar fyllilega þeim áhrifum, sem ég varð fyrir þar um síððir. Islenzkir listmálarar geta ávalt flúið til fjalla og einbeitt sér að fegurð landsins, en hvad færeyska starfsbræður þeirra

snertir er sambýli og togstreita lands og hafs óumflýjanleg stáreynd, sem mótar alla þeirra myndrænu hugsun. Óll myndlist Eyvindar Mohr byggir á þeim sannindum og í hönd hans eru þau útlistuð af festu og einurð. Engu er ofaukið í myndum hans, enga smámunasemi er þar að finna... Hæfileikar hans, seigla og trú á heimalandi sínu ættu að nægja honum til frambúðar. Það er okkur að Kjarvalsstöðum ánægja að fá að hysa verk hans næstu daga.”

Sýningin verður opin til 5. september.



Eywindur að hengja upp eitt verka sinna á Kjarvalsstöðum. — Tíma-mynd: Róbert.